

GJALDSKRÁ

vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar

1. gr.

Í grunnskólum Garðabæjar skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið.

2. gr.

Í grunnskólum Garðabæjar skulu nemendur eiga kost á málsverði í hádegi gegn greiðslu matargjalds í áskrift að fjárhæð kr. 575 pr. máltíð.

3. gr.

Í Garðaskóla er rekið mötuneyti nemenda þar sem seldar eru einstakar máltíðir, smáréttir, mjólkurvörur, drykkir, brauð og kökur. Verð skal vera samkvæmt auglýstum verðlista á heimasíðu skólans.

4. gr.

Í grunnskólum bæjarins greiða nemendur sem dvelja á frístundaheimilum grunnskólanna kr. 182 fyrir staka síðdegishressingu.

5. gr.

Garðabær hefur samið við Skólamat ehf. og Matartíma ehf. um skólamálsverði í grunnskólum Garðabæjar.

Fyrirtækin annast innheimtu matargjalds samkvæmt 2. og 3. gr.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 23. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 1. desember 2022 og öðlast gildi 1. janúar 2023.

Garðabæ, 1. desember 2022

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*